



Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 REYKJAVÍK.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 126/1258*  
*komudagur 19.2.2001*

10. febrúar 2001.

Vísað er til bréfs yðar dags. 29. janúar s.l., þar sem óskað er eftir umsögn Heilbrigðiseftirlitsins um frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 345. mál, markaðssetning, tóbaksmengun o.fl.

Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri. Athugasemdunum er ekki raðað eftir mikilvægi þeirra.

1. Í 6. gr. frv. segir: “Tóbaki skal komið þannig fyrir á útsölustöðum að það sé ekki sýnilegt viðskiptamönnum.” Þetta er vandmeðfarið í eftirliti, þar sem nú tíðkast mjög sala tóbaks t.d. í bensínafgreiðslum og við kassa stórmarkaða, þar sem tóbakið er afgreitt úr þar til gerðum “söluösum”, en á þeim sjást tegundarmerki tóbaksins, sem selt er. Stendur til að banna þessa “söluössa”? Jafnframt má sjá við afgreiðslukassa í stórmörkuðum tegundarmerki þeirra vindlinga, sem til sölu eru, en tóbakið sjálf sést ekki. Ef til vill er rétt að orða málgreinina skýrar t.d. “Tóbak og vörumerki tóbaks mega ekki vera sýnileg viðskiptamönnum á útsölustöðum.”
2. Í 7. gr. er gert ráð fyrir, að enginn megi selja tóbak nema vera orðinn 18 ára gamall. Þó er heilbrigðisnefnd veitt heimild til að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þar sem erfitt getur verið að manna sölustaði. Undanþáguheimildin, með þessu skilyrði, gerir aldurstakmarkið marklaust. Allir geta fært rök fyrir því, að erfitt sé að manna sölustaði. Eftirlit með þessu verður mjög erfitt og má sjá fyrir sér fjölda undanþágubeiðna, sem erfitt getur verið að hafna. Þá er óljóst, hvernig undanþágu á að veita. Á að veita undanþágu fyrir eitt skipti, eða á að veita undanþágu tímabundið eða ótímabundið? Á að veita undanþáguna tóbakssalanum eða á að binda undanþáguna við einstaka starfsmenn eða einstaka sölustaði. Hver á að halda skrá um undanþágurnar og hvernig á að þekkja þá, sem undanþágu hafa? Ekki virðist vera heimild til að innheimta gjald fyrir undanþáguna, sem hefur í för með sér talsverða vinnu (umsóknareyðublöð, könnun á réttmæti undanþágubeiðni, undirbúa umsóknina svo hún sé tæk til að leggja hana fyrir heilbrigðisnefnd, veita undanþágu eða synja, ef synjað þá er andmælaréttur umsækjanda og kærueimild og vinna og tilheyrandi umstang við kærumeðferð). Heppilegra er fyrir eftirlitsaðila, að engin undanþáguheimild verði í lögnum. Millileið má fara með svipuðum hætti og gert er í áfengislögnum, en þar er nemum í framleiðslu heimilt að selja og framreiða áfengi, þótt þeir hafi ekki aldur til. Sama heimild mætti vera handa umræddum nemum til að selja tóbak og ætti það að duga, en að öðru leyti yrði aldurstakmarkið án undanþágu.
3. Í 7. gr. er rætt um að veita leyfi til sölu tóbaks til 5 ára. Flestir sölustaðir tóbaks hafa starfsleyfi frá heilbrigðiseftirlitinu til 4 ára. Veitingaleyfi eru veitt til 4 ára. Heppilegra er að samræma þetta.



4. Ekki sést í 7. gr. að gert sé ráð fyrir eftirliti með þeim, sem selja tóbak í heildsölu. Þá vaknar sú spurning, hvernig þeir eigi að bera sig að við sölu tóbaks. Eiga þeir að krefja smásalana um að þeir framvísi tóbakssöluleyfi til að fá tóbakið? Þurfa þeir, sem selja tóbak í heildsölu ekkert leyfi til sölnnar?
5. Í 8. gr. er fjallað um loftræstingu, sem fullnægir kröfum heilbrigðiseftirlits. Erfitt getur verið að setja fram þannig kröfur, nema mjög almennt orðaðar. Heppilegra væri að orða ákvæðið svo: “Loftræsting skal vera fullnægjand að mati heilbrigðiseftirlits.” Þá má benda á kröfur í byggingareglugerð, þar sem sérstaklega er fjallað um reykherbergi.
6. Í 7. mgr. 8. gr. segir: “Tóbaksreykingar eru bannaðar í öllu húsrými í sameign fjöleignarhúsa.” Hver á að hafa eftirlit með að þessu ákvæði sé framfylgt? Heilbrigðiseftirlitið hefur ekki aðgang að einkahíbílum manna til eftirlits, nema í sérstökum undantekningartilvikum og þá með aðstoð lögreglu og/eða dómstóla. Hvað með reykingar á svölum fjöleignarhúsa, en undan þeim er oft kvartað? Heppilegast sýnist vera, að setja inn ákvæði um, að húsfélög setji sér reglur um reykingarnar og að húsfélögin fái heimildir, til að framfylgja þeim.
7. Í 15. gr. er röng tilvísun í lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þvingunarúrræðin eru í 26. gr. laganna, ekki 27. gr.
8. Í 15. gr. segir, að svipta skuli tóbakssala leyfi við ítrekað brot eða stórfellt brot. Skilgreiningu vantar á því, hvað telst stórfellt brot samkvæmt frumvarpinu. Heppilegra væri, að telja upp þau brot, sem valda skuli tafarlausri sviptingu tóbakssöluleyfis.
9. Í 10. gr. núgildandi laga um tóbaksvarnir eru neysla tóbaks bönnuð í grunnskólum, framhaldsskólum og sérskólum. Ekkert er fjallað um skóla á háskólastigi. Fjöldi kvartana berast á hverju ári um reykingar í Háskóla Íslands og þar er selt tóbak. Með tilliti til þess, að frv. gerir ráð fyrir víðtæku banni við reykingum (9. gr.) t.d. í leikhúsum, þykir ekki óeðlilegt, að skólar á háskólastigi falli einnig undir bann við reykingum.
10. Bann við reykingum þar sem menningar og félagsstarfsemi fer fram skv. 9. gr. frv. vekur spurningar. Hvað með veitingarými í leikhúsum? Ber að flokka þau rými sem veitingahús eða leikhús?
11. Söluturnar, sem hafa starfsleyfi í Reykjavík eru 102 og aðrir útsölustaðir tóbaks skipta hundruðum.. Það er ljóst, að flest brot á sölu tóbaks eiga sér stað í söluturnum og veitingahúsum. Ef sinna á virku eftirlit með þessum stöðum kostar það ómælda vinnu. Nú er eftirlitinu þannig háttað, að þessir staðir eru flestir skoðaðir einu sinni á ári og er þá fylgt eftir tóbaksvarnarkröfum. Ekki er fylgst stöðugt með þessum stöðum, frekar en öðrum. Þá er kvörtunum vegna b rota á tóbaksvarnarlögum s innt sérstaklega. Enn fremur er unnið í samvinnu við aðra aðila að könnunum og átaksverkefnum til að koma í veg fyrir ólögsmæta sölu tóbaks. Ekki er gert ráð fyrir því í frv. að




heilbrigðiseftirlitinu verði heimilt að innheimta sérstaklega gjald fyrir tóbaksvarnareftirlit. Ef koma ætti á virku eftirliti með sölu tóbaks í Reykjavík, þyrfti að ráða til þess sérstakan starfskraft. Sá starfsmaður þyrfti að fylgjast stöðugt með öllum útsölustöðum tóbaks í borginni. Opnunartími útsölastaða tóbaks er frá 8 á morgnana og langt fram eftir nóttu. Sumir staðir eru einungis opnir á kvöldin og nóttinni. Í stuttu máli: Útilokað er að sinna þessu eftirliti m.v. núverandi aðstæður og fjárheimildir. Er ekki að verða tímabært, að sinna þessu af alvöru og koma upp svipuðu fyrirkomulagi og gildir um sölu áfengis? Ráða þarf sérstaklega til starfa tóbakseftirlitsmenn, sem hafi heimildir til að framfylgja lögnum. Gætu þeir bæði fylgst með sölu tóbaks og enn fremur framfylgt reykingabanni þar sem það á við. Árslaun heilbrigðisfulltrúa að meðtöldum launatengdum gjöldum og bifreiðastyrkjum nema u.þ.b. 5 miljónum króna. Stofnkostnaður starfsstöðvar er u.þ.b. kr. 600 þús. án húsnæðiskostnaðar. Ráða þyrfti a.m.k. 3 starfsmenn til að sinna eftirlitinu. Þá þarf að virkja lögreglu til starfa við tóbaksvarnir, sérstaklega varðandi reykingar á veitingastöðum.

Svo sem fram kemur að ofan, vekur unnrætt frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir margar spurningar. Af frumv. má ráða að nú sé vilji til þess að taka á þessum málum af festu og vissulega virðist þjóðin tilbúin til þess að það sé gert. Það er því álit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að nú sé lag til þess að koma þessum málum í það horf, sem heilbrigðisyfirvöld vilja. Útilokað er hins vegar að heilbrigðisnefndir í landinu séu í stakk búnar til að taka að sér það eftirlit, sem nauðsynlegt er. Til þess að svo geti orðið, verður að veita nefndunum fulla heimild til að innheimta gjald fyrir eftirlitið, eða fela eftirlitið öðrum. Að öðrum kosti verða tóbaksvarnir áfram í sama farinu og eftirlit eins og verið hefur.

Að lokum vekur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur athygli á lögum nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur og reglugerð nr. 812/1999 um eftirlitsreglur hins opinbera, en ekkert kemur fram í frv. um að farið hafi verið að þeim reglum.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

  
Örn Sigurðsson, skrifstofustjóri.